

Hitaveita Flúða og nágrennis

Ársreikningur 2018

Hitaveita Flúða og nágrennis
Kt. 500380-0399
Akurgerði
845 Flúðir

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Hitaveita Flúða og nágrennis er í eigu Hrunamannahrepps. Hitaveitan selur orku eftir rúmmetramæli til íbúa, sumarhúsa, landbúnaðar og annarra fyrirtækja í Hrunamannahreppi og Laxárdal og Skáldabúða í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Á árinu var meðalfjöldi stöðugilda 1,75 og greiddi hitaveitan 16,9 millj. kr. í laun auk 3,8 millj. kr. í launatengd gjöld.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður veitunnar 13,1 millj. kr. á árinu. Eigið fé í árslok nam 125,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórnendur Hitaveitu Flúða og nágrennis staðfesta hér með ársreikning veitunnar fyrir árið 2018 með undirskrift sinni.

Flúðum, 26. mars 2019.

Veitustjórn:

Afalsbinn Þorgrasín
Bogi Pétur Eiríksson
d. Ólafsson
Bragney Uggvísdóttir

Sveitarstjóri:

Jón J. Valgeirsson

Veitustjóri:

Lámuðal Ágústsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Hitaveitu Flúða og nágrennis.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hitaveitu Flúða og nágrennis („hitaveitan“) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu hitaveitunnar 31. desember 2018 og afkomu hitaveitunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð hitaveitunni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og veitustjóra á ársreikningnum

Stjórn og veitustjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og veitustjóra að leggja mat á rekstrarhæfi hitaveitunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa hitaveituna upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og veitustjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits hitaveitunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og veitustjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi hitaveitunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert hitaveituna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 26. mars 2019.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Selt heitt vatn	7	66.483.337	57.171.129
Aðrar tekjur	8	18.603.113	5.981.961
		<u>85.086.450</u>	<u>63.153.090</u>
Rekstrargjöld			
Leiga vegna heitavatnsréttinda		1.885.599	1.796.109
Laun og launatengd gjöld	9	21.356.195	19.976.039
Rekstur dreifikerfis	10	2.273.623	1.949.208
Rekstur dælustöðva	11	7.425.533	5.544.883
Rekstur bifreiða, véla og tækja	12	2.162.903	1.004.310
Rekstur áhaldahúss	13	1.494.934	982.124
Rekstur borholu KV2.....	14	3.052.601	1.107.852
Annar rekstrarkostnaður.....	15	13.868.350	8.984.474
		<u>53.519.738</u>	<u>41.344.999</u>
Hagnaður fyrir afskriftir og vexti		31.566.712	21.808.091
Afskriftir	2	(8.887.821)	(9.146.202)
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		22.678.891	12.661.889
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		1.488.900	1.609.116
Vaxtagjöld og verðbætur		(3.248.344)	(2.857.571)
		<u>(1.759.444)</u>	<u>(1.248.455)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		20.919.447	11.413.434
Tekjuskattur	4	(7.865.712)	(4.389.829)
Hagnaður ársins	3	<u>13.053.735</u>	<u>7.023.605</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
Fastafjármunir			
Fasteignir		1.697.225	1.918.916
Bifreiðar, tæki og búnaður		22.426.720	18.416.581
Borhola, lagnir og tengivirki		89.988.165	93.403.334
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	2	<u>114.112.110</u>	<u>113.738.831</u>
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	6	1.483.338	0
Fastafjármunir samtals		<u>115.595.448</u>	<u>113.738.831</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		17.474.963	15.355.253
Hrunamannahreppur		1.992.273	878.595
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	6	56.677	0
Handbært fé		51.097.902	36.298.641
Veltufjármunir samtals		<u>70.621.815</u>	<u>52.532.489</u>
Eignir samtals		<u>186.217.263</u>	<u>166.271.320</u>
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur		124.977.141	111.923.406
Eigið fé samtals	3	<u>124.977.141</u>	<u>111.923.406</u>
Skuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	4	<u>8.983.738</u>	<u>6.603.336</u>
Langtímaskuldir			
Skuldabréfalán	5	<u>34.106.510</u>	<u>35.310.817</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		<u>43.090.248</u>	<u>41.914.153</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		2.239.128	883.868
Hrunamannahreppur		4.456.622	4.905.869
Opinber gjöld ársins.....	4	5.147.927	1.755.517
Næsta árs afborgun langtímalána	5	2.352.173	2.278.117
Aðrar skammtímaskuldir		3.954.024	2.610.390
Skammtímaskuldir samtals		<u>18.149.874</u>	<u>12.433.761</u>
Skuldir samtals		<u>61.240.122</u>	<u>54.347.914</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>186.217.263</u>	<u>166.271.320</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðaða við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð.
- c. Viðskiptakröfur í lok ársins eru færðar niður um 500.000 kr. í efnahagsreikningi, Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.
- d. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskattsins er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar einkum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld eru færð síðar í ársreikningi en í skattuppgjöri.
- e. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreiðar, tæki og búnaður	Borhola, lagnir og tengivirki	Samtals
Heildarverð 1.1.2018	5.542.266	36.571.257	126.976.589	169.090.112
Viðbót á árinu	0	7.493.087	1.768.012	9.261.099
Heildarverð 31.12.2018	5.542.266	44.064.344	128.744.601	178.351.211
Afskrifað áður	3.623.350	18.154.676	33.573.254	55.351.280
Afskrifað á árinu	221.691	3.482.947	5.183.183	8.887.821
Afskrifað samtals 31.12.2018	3.845.041	21.637.623	38.756.437	64.239.101
Bókfært verð 31.12.2018	1.697.225	22.426.721	89.988.164	114.112.110
Afskriftahlutföll	4%	10-15%	4-15%	

Fasteignamat fasteigna veitunnar í árslok 2018 var 33,2 millj. kr. og lóða 11,6 millj. kr., eða samtals 44,7 millj. kr. Á sama tíma nam brunabótamat fasteigna 58,1 millj. kr. Tryggingaverðmæti lausafjármuna nam 85,2 millj. kr. í árslok 2018.

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti hitaveitu nam 948,4 millj. kr. á árinu 2018.

3. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	Samtals
Eigið fé 1.1.2018	111.923.406
Hagnaður ársins	13.053.735
Staða 31.12.2018	124.977.141

Skýringar frh.

4. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	6.603.337
Reiknaður tekjuskattur af afkomu ársins	7.865.712
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2019	(5.485.311)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok 2018	<u>8.983.738</u>

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig í árslok:

Varanlegir rekstrarfjármunir	8.833.809
Viðskiptakröfur	149.929
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.2018	<u>8.983.738</u>

Opinber gjöld vegna rekstrar 2018 sem koma til álagningar á árinu 2019 eru reiknuð og færð til skuldar í efnahagsreikningi og greinast þau þannig:

Tekjuskattur	5.485.311
Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur	(337.384)
	<u>5.147.927</u>

5. Langtímaskuldir

Langtímalán greinast þannig:

Lánveitandi	Vísitala	Lánsform	Vaxtakjör	Staða
Lánasjóður sveitarfélaga	nvt	ISK	5,60%	36.458.683
Næsta árs afborganir				(2.352.173)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi				<u>34.106.510</u>

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Árið 2019	2.352.173
Árið 2020	2.352.173
Árið 2021	2.352.173
Árið 2022	2.352.173
Árið 2023	2.352.173
Síðar	24.697.818
	<u>36.458.683</u>

6. Önnur mál

Þann 15. janúar 2018 var gengið frá vatnssölusamningi við Flúðaorku ehf. um nýtingu á umframhita úr Kópvatnsholu til raforkuframleiðslu. Í tengslum við verkefnið var á árinu 2018 reist stöðvarhús á lóðinni við holuna og hefur Flúðaorka ehf. séð um þá framkvæmd og greiðslur vegna hennar. Hitaveita Flúða verður eigandi stöðvarhússins. Við verklok á árinu 2019 verður gengið frá uppgjöri framkvæmdakostnaðar og leigusamningi milli Hitaveitu Flúða og Flúðaorku, sem gerir ráð fyrir að leigugjald til 30 ára verði jafnt framkvæmdakostnaði og verði að fullu uppgert við verklok. Gert er ráð fyrir að stöðvarhúsið verði eignfært í reikningsskilum Hitaveitu Flúða á árinu 2019 samhliða uppgjörinu og frágangi leigusamnings.

Skýringar frh.

6. Önnur mál, frh.

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarsambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskjuldbinndga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í upphafi árs 2018 barst Hitaveita Flúða og nágrennis uppgjör vegna hlutdeildar stofnunarinnar í framangreindu framlagi til Brúar lífeyrissjóðs. Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlagið 2.174.279 kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Skipting þess er eftirfarandi:

- 544.045 kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi, framlagið var gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 1.471.884 kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingu vegna lífeyrisauka, framlagið er gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 158.350 kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2019 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árunum 2017 og 2018:

	Jafnvægis- sjóður	Lífeyrisauka- sjóður	Varúðar- sjóður	Samtals
Gjaldfært á árinu 2017.....	(544.045)	(28.620)	(4.619)	(577.284)
Skuld við Brú lífeyrissjóð 31.12.2017.....	(544.045)	(28.620)	(4.619)	(577.284)
Uppgjör við Brú lífeyrissjóð.....	544.045	1.471.884	158.350	2.174.279
Gjaldfært á árinu 2018.....	0	(49.063)	(7.917)	(56.980)
Staða fyrirframgreiðslu 31.12.2018.....	0	1.394.201	145.814	1.540.015

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldf., færð meðal veltufjárm.....	0	48.785	7.892	56.677
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	0	1.345.416	137.922	1.483.338
Samtals í efnahagsreikningi.....	0	1.394.201	145.814	1.540.015

Skýringar frh.

	2018	2017
7. Selt heitt vatn		
Selt heitt vatn til notenda	66.441.128	57.129.498
Selt heitt vatn til annarra hitaveitna	42.209	41.631
	<u>66.483.337</u>	<u>57.171.129</u>
8. Aðrar tekjur		
Seld þjónusta	11.733.196	37.452
Heimtaugagjald	5.421.285	4.558.971
Seld þjónusta bifreiðar	458.632	586.038
Seld þjónusta tækja	990.000	799.500
	<u>18.603.113</u>	<u>5.981.961</u>
9. Laun og launatengd gjöld		
Laun	16.919.688	16.025.419
Lífeyrissjóður	2.150.619	1.832.086
Sjúkra-, orlofs- og endurmenntunarsjóður	346.668	318.009
Tryggingagjald	1.343.240	1.223.241
Bifreiðastyrkur	539.000	0
Framlag í Lífeyrissjóðinn Brú	56.980	577.284
	<u>21.356.195</u>	<u>19.976.039</u>
10. Rekstur dreifikerfis		
Mælarekstur	2.273.623	1.949.208
	<u>2.273.623</u>	<u>1.949.208</u>
11. Rekstur dælustöðva		
Rafmagn	5.862.244	4.663.392
Viðhald, efni	1.232.116	728.030
Viðhald, aðkeypt vinna	177.431	0
Húsaleiga	80.249	94.411
Tryggingar	23.012	23.542
Fasteignagjöld	50.481	35.508
	<u>7.425.533</u>	<u>5.544.883</u>
12. Rekstur bifreiðar, véla og tækja		
Eldsneyti	286.767	413.011
Viðhald	151.881	75.539
Tryggingar og bifreiðagjöld	841.916	479.659
Ýmis rekstrarkostnaður	882.339	36.101
	<u>2.162.903</u>	<u>1.004.310</u>

Skýringar frh.

	2018	2017
13. Rekstur áhaldahúss		
Verkfæri og áhöld	429.352	0
Rekstrarvörur	162.189	154.939
Viðhald	37.500	34.100
Fasteignagjöld	398.986	357.858
Tryggingar	297.944	282.097
Rafmagn og hiti	158.963	153.130
Ýmis rekstrarkostnaður	10.000	0
	<u>1.494.934</u>	<u>982.124</u>
14. Rekstur borholu KV2		
Aðkeypt vinna	1.082.674	0
Gjaldfærð áhöld og tæki	621.276	217.277
Viðhald, efni	1.309.146	890.575
Ýmis rekstrarkostnaður	39.505	0
	<u>3.052.601</u>	<u>1.107.852</u>
15. Annar rekstrarkostnaður		
Tryggingar	405.840	349.698
Sími	205.221	134.737
Póstburðagjöld	31.140	24.160
Ferða og flutningskostnaður	94.541	66.918
Prentun	17.447	147.810
Gjaldfærð áhöld og tæki	82.092	0
Tölvukostnaður	1.979.448	2.319.539
Innheimtukostnaður	362.168	324.649
Verkfræðipjónusta	1.628.747	132.125
Aðkeypt þjónusta	526.860	0
Endurskoðun og önnur sérfræðipjónusta	2.279.453	1.229.489
Heilbrigðiseftirlit	25.500	22.671
Ráðstefnur og fundir	157.184	368.240
Þátttaka í stjórnun og tæknisviði	2.130.546	2.620.608
Húsaleiga	747.313	726.958
Keypt þjónusta til endursölu	1.023.214	0
Annar starfsmannakostnaður.....	502.523	0
Félags- og eftirlitsgjöld.....	362.653	227.378
Gjafir og styrkir.....	253.000	34.500
Afskrifaðar kröfur	62.805	91.249
Styrktarlínur og auglýsingar	20.000	20.000
Annar kostnaður	970.655	143.745
	<u>13.868.350</u>	<u>8.984.474</u>